

Þýskaland Hitlers og hin norræna stefna.

I.

Varla verður því neitað, að Þjóðverjar eru um ýmsa hluti fremsta þjóð nútímans. Hvergi hefir síðan ófriðnum mikla lauk annað eins viðreisnarverk unnið verið og þar, enda hafði hrunið hvergi verið alveg eins ægilegt. Fyrir enga var úr eins háum söðli að detta og Þjóðverja. Menn skilja óefað ekki Þýskaland nútímans, ef þeim er ókunnugt um messíasarspádómana — er svo mætti nefna — sem þar hafa fram komið, og eunfremur að mikill eða jafnvel mestur hluti þýsku þjóðarinnar heldur að þeir spádómar hafi nú sannast með „komu“ Hitlers.

II.

Á Þýskalandi hefir það skilist betur en annarsstaðar hversu maun kyninu er nauðsynleg forusta hins norræna kyns og hverjar hættur eru því samfara, að Gyðingar hafi forustuna, einsog ágerðist svo mjög eftir ófriðinn mikla. Þetta verður að hafa í huga til að skilja til fulls ofsóknir þær sem Gyðingar hafa orðið fyrir þar í landi, og þó einnig annað, sem mig furðar á að enginn skuli hafa minst á. En það eru

þau miklu áhrif sem heimspæki Nietzsches hefir haft á Þjóðverja. Heimspæking þessum var ekki betur tekið í fyrstu en svo, að tímaritin vildu ekki ritgerðir hans, og varð hann beiskur við, sem von var. Bækur hans vöktu heldur ekki mikla eftirtekt í fyrstunni og eitt hvert sinn er bók, sem ekki hafði verið prentað meira af en hér á landi er títt, og reynst þó mikils til of mikið, sagði hann eitt hvað á þá leið, að ef greindin hefði verið meiri hjá almennungi, mundi hafa þurft að prenta 400.000 eintök af bók þessari. Mun flestum hafa þótt þetta hin mesta fjarstæða, ef ekki öllum, en mér komu orð þessi í hug, er eg sá, og þó fyrir allmörgum árum, að 270.000 eintök höfðu verið prentuð af bók hans Zarathustra. En sú bók varð nokkurskonar biblíja mjög margra Þjóðverja. Nietzsche segir „Werdet hart“, og mönnum hefir verið of gjarnt til að skilja það sem hvöt til þess að vera harðir gagnvart öðrum. Þá bætti heldur ekki um, að Nietsche likti almenningi við sauðahjörð, og ól þar á svipuðum tilfinningum og Schopenhauer með orðun-

um „der gemeine Mensch, diese Fabriksware der Natur“ (þó að hitt sé sannara, að meðalmenn eru eiginlega ekki til, og að „hver hefir til síns ágætis nokkuð“).

Báðir þessir heimspekingar voru mjög andrjúkumenn og ágætir ritsnillingar. Þó að ekki væri eftir því tekið fyrir en of seint til að koma í veg fyrir ýmsar hölsýnissskoðanir þeirra, sem ill áhrif hafa haft.

III.

Gyðingaofsóknirnar er hægt að skýra og ýmislegt í sambandi við þær, sem er annars lítt í samræmi við þýskt skaplyudi. Og fer eg þó ekki frekar út í það mál að sinni. En hitt vildi eg benda á að ómannúðlegt athæfi gagnvart Gyðingum gerir norrænum málstað ekkert gagn til langframa. Eigi norræn forusta að komast á svo að dugi, verður að hafa alt aðra aðferð. Það verður að sýna fram á, að ýmsar þær brekkur og torfærur, sem óumflýjanlegar eru á framfaraleið mannkynsins, muni ófærar reynast, ef ekki norrænir menn fara þar fyrir. Þar sem nú um það ræðir t. d., að uppgötva jörðina, er nauðsyn norrænnar forustu mjög í

augum uppi. En sú forusta er ekki síður nauðsynleg á ýmsum öðrum sviðum, þar sem nú er mjög í óefni komið, einmitt af því að norrænn andi hefir ekki getað notið sín. Lítið á trúarbragðasviðið. t. d. Mjög mikill hluti hins mentaða heims hefir nú gersamlega hafnað öllu sem kirkja heitir, en vísindi og heimspeki hafa ekki getað komið í staðinn, heldur er einnig þar um öngþveiti að ræða. Nú er það eftirtektarvert, að langfrægustu menn nútímans á sviði vísindanna, eru Gyðingararnir Siegmund Freud og Albert Einstein, en bersýnilegt þó, að í kenningum þessara manna er ekkert það, sem sýnt geti leið út úr ógöngunum. En talsverðar líkur má benda á til þess, að norrænn andi sé fær um að finna þá leið sem liggur til far-sællar framtíðar, eða með öðrum orðum, hina sönnu framfaraleið. Og það má jafnvel kveða ennþá fastar að og segja að norrænn andi hafi þegar fundið þá leið. Því að byrjunin er þar sú, að uppgötva lífið á stjörnumum og alheimshjúðingu lífsins. Með því eru vísindin færð inn á svið trúarbragðanna. En merkilegt er það, að það

skuli ekki vera frá Þýskalandi, heldur frá Bretlandi hinu mikla, sem fyrst hafa heyrst orð um það, að frá Íslandi sé þess ljóss að vænta sem lýsa muni mannkyninu út úr ógöngunum. Virðist ekki ólíklegt, að þar sé fremur um spámannlega andagift að ræða en glöggan skilning á öllum málavöxtum. Eþ þó er nú svo í óefni komið, að það fer að verða erfitt að gera sér vonir um að feigðar-élinu mikla muni afstýrt verða.

18. júlí. **Helgi Pjeturss.**

ES. . Nú, nálega ársfjórðungi síðar, en grein þessi var rituð er eg miklu vonbetri, og liggur við, af ástæðum sem ekki þarí að taka fram, að skoða þessa óvanalega fögru októberdaga sem nokkurskonar forboða þess að í högum mannkynsins muni koma vor fyrir haust.

Þáir 14.10.38.